

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Gjúkabryggja 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Gjúkabryggju (reitur D). Í breytingunni felst að heimilt verði að fjölga íbúðum ásamt því að fjölga bílastæðum í kjallara lóðar D, dýpka byggingarreit og lengja byggingarreit 4. hæðar í norðvesturhorni byggingarreits og gera nýjan byggingarreit í inngarði fyrir hjólageymslu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 90.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. ágúst 2021, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0 vegna lóðarinnar nr. 90 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst fjölgun íbúða að Hverfisgötu 90 úr hámarki 5 íbúðum í 6 íbúðir. Fjölgunin kemur í stað heimildar fyrir atvinnustarfsemi á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Starmýri 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 23. júní 2021, breytingu á skilmálum deiliskipulags Safamýrar – Álftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri. Breytingin felst í því að fækka um eina íbúð í Starmýri 2a og fjölga um eina íbúð í Starmýri 2C. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni verður óbreyttur; 23 íbúðir. Fastanúmerum fækkar úr 7 í 5. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Smiðjustígur 13.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.4 vegna lóðarinnar nr. 13 við Smiðjustíg. Í breytingunni felst að mænisstefnu nýbyggingar á lóð er snúið þannig að hún verði samhliða Lindargötu, nýbyggingar á skipulagi verði skilgreindar fyrir atvinnustarfsemi, stækka byggingarreit nýbyggingar lítillaga, bæta við byggingarreit á lóð vestan gamla hússins fyrir byggingu neðanjarðar, bæta við einu bílastæði á lóð og fella niður kvöð um að nýbygging á lóðinni skuli bárujárnsklædd. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskólareits vegna Bólstaðarhlíðar 47 (Háteigsskóla). Breytingin felst í því að stækka núverandi byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðurhluta lóðarinnar og auka byggingarmagn innan reitsins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Leirulækur 2, Laugalækjarskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Leirulækjar 2 (Laugalækjarskóla). Breytingin felst í því að koma fyrir byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðvesturhluta skólalóðarinnar og

Nr. 993

19. ágúst 2021

skilgreina byggingarmagn innan reitsins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 19. ágúst 2021.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. september 2021